



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1293

FUNDARBOÐ

**1293. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
17. apríl 2019 og hefst kl. 20:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1904149 - Ársreikningur 2018 - ábyrgðar- og skuldbindingaryfirlit

Óskað er eftir staðfestingu bæjarstjórnar Akraness á ábyrgðar- og skuldbindingaryfirlit í sundurliðunarbók ársreiknings Akraneskaupstaðar vegna ársins 2018.

2. 1904057 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2018 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2018 - A hluti. Síðari umræða.

1.1 Aðalsjóður

1.2 Eignasjóður

1.3 Byggðasafnið í Görðum

1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

Rekstrarniðurstaða A-hluta, fyrir óreglulega liði, er jákvæð um 743,7 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 163,3 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta með óreglulegum liðum er jákvæð um 814,5 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 165,3 mkr. rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í mkr. er 1.183 en nam 568 mkr. árið 2017.

Skuldaviðmið er 43,0% en var 61,0% árið 2017.

EBITDA framlegð er 11,7% en var 12,52% árið 2017.

Veltufé frá rekstri er 21,36% en var 13,96% árið 2017.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 92% en var 98% árið 2017.

Eiginfjárhlutfall er 55% en var 52% árið 2017.

Veltufjárhlutfall er 2,76 en var 1,7 árið 2017.

3. 1904058 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2018 - B-hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2018 - B hluti. Síðari umræða.

2.1 Fasteignafélag Akranes ehf.

2.2 Gáma

2.3 Háhiti ehf.

2.4 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Rekstrarniðurstaða B-hluta var jákvæð um 11,5 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 29,8 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

4. 1904059 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2018 - samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2018. Síðari umræða.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, fyrir óreglulega liði, var jákvæð um 738,9 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 179,7 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar með óreglulegum liðum var jákvæð um 826,1 mkr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 195,1 mkr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í mkr. er 2.081 en nam 1.330 mkr. árið 2017.

Skuldaviðmið er 44,0% en var 61,0% árið 2017.

EBITDA framlegð er 10,80% en var 11,55% árið 2017.

Veltufé frá rekstri er 19,5% en var 12,73% árið 2017.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 87% en var 94% árið 2017.

Eiginfjárlutfall er 53,0% en var 50,0% árið 2017.

Veltufjárlutfall er 2,52 en var 1,62 árið 2017.

5. 1904033 - Aðalskipulag - Tjaldsvæði við Kalmansvík

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði send umsagnaraðilum og auglýst til kynningar samkv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsing tekur til breytinga á aðalskipulagi jafnframt því sem kynnt eru áform um deiliskipulag tjaldsvæðis við Kalmansvík. Fyrri skipulagslýsing sem kynnt var í september 2016 fellur úr gildi með kynningu nýrrar lýsingar.

6. 1902123 - Deiliskipulag Miðvogslækjarsvæði - Þjóðvegur 13 og 13A grenndarkynning

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi vegna Miðvogslækjarsvæðis er varðar lóðirnar við Þjóðveg 13 og 13A. Breytingin felur í sér fjölga lóðum, eftir breytingu verða á svæðinu 5 einbýlishúsalóðir og ein lóð undir geymslu/hesthús. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum á Borgarholti, Borgarholti 2 og Þjóðvegi Einhamri 3. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningin fór fram frá 5. mars til 2. apríl 2019, engar athugasemdir bárust.

Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

7. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3372. fundargerð bæjarráðs frá 11. apríl 2019.

8. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

110. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 15. apríl 2019.

9. 1901021 - Fundargerðir 2019 - Orkuveita Reykjavíkur

273. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. mars 2019.

Fundargerð aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur frá 4. apríl 2019.

10. 1901022 - Fundargerðir 2019 - Faxaflóahafnir

179. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 12. apríl 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.